

Pési



Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Fréttir
- Aðalfundir

Næsti Pési kemur út 18. apríl 2011

Skil á efni er 12. apríl

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Hrossaræktin	4
Hrunaspjall	8
Vetrarmót	9
Fé- lagsþjónustan	10
Kvenfélagið	15

Mars 2011

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

21. árgangur. 247. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Árshátíð eldri Hrunamanna

Árshátíð eldri Hrunamanna 2011 verður haldin fimmtudaginn 17. mars á Hótel Flúðum.

Húsið opnar kl: 19:00 og borðhald hefst hálf tíma síðar.

Kór eldri borgara syngur, Gardar leikur á nikkuna, almennur söngur og fleira verður til skemmtunar.

Miðaverð er kr. 3.900 (ekki tekið við greiðslukortum)

Þátttaka tilkynnist stjórn Félags eldri Hrunamanna, ekki síðar en sunnudaginn 13. mars.

Guðbjörg s: 486 6670, Loftur s: 486 6715 og Anna Björk s: 486 6614.





Kristjana Sigmundsdóttir tekur við verðlaunum frá Brunavörnum . Ljós:SigSigm



Guðmundur G Magnússon við smíðar á verkstæði sínu

Ljós:SigSigm

Sveitarstjorapísun

Nú er kominn mars og það er ennþá snjór ! Þetta er að verða einn mesti „snjóavetur“ í manna minnum en eins og kunnugt er það eðli mannskepnunnar að hún er mjög fljót að gleyma. Það varð ekki eins og ætlað var að maður kæmist á hjónaball í febrúar. Það stendur nú til bóta í mars en frestunin kom ekki til af góðu eins og kunnugt er. Þegar verða svípleg dauðsföll fólks á besta aldri er hollt fyrir alla að staldra aðeins við og hugsa um það sem skiptir mestu máli í lífinu, muna að forgangsraða rétt og hlúa að sinni fjölskyldu. **Okkur Hrunamönnum** virðist vera að fjölga því núna í mars náðum við að rjúfa 800 manna múrinn aftur en það hefur ekki gerst síðan á árinu 2008. Það er jákvætt og gleðilegt að fólk virðist tilbúið að búa í þessu samfélagi okkar. Við hér á skrifstofunni verðum vör við það að fólk er að hafa samband við okkur og vill flytja hingað en helsta vandamálið er að það virðist vera vottur að skorti á íbúðum. Hins vegar kann það að vera að einhverju leyti jákvætt vandamál því þá eru tækifæri fyrir handlagna menn og konur að byggja hús á þessu svæði. **Það er síðan** eitt sem athygli okkar hefur verið beint að og það er hvernig fólk virðir reglur um hunda- og kattahald í sveitarfélaginu. Um það gilda ákveðnar samþykktir sem hægt er að nálgast á heimasíðunni hjá okkur og hvet ég hunda- og kattaeigendur að kynna sér þær. Sérstaklega hefur verið kvartað yfir lausagöngu hunda og samkvæmt reglunum er hún bönnuð í þéttbýlinu á Flúðum. Vil ég biðja fólk að virða þessar reglur og koma og skrá alla hunda og ketti á skrifstofu hreppsins. Það væri miður að þurfa að fara að beita hundafangara til að fjarlægja lausa hunda með tilheyrandi kostnaði fyrir eiganda hundana. **Þá er annað** sem ég vil biðja foreldra barna sem eru á íþróttaæfingum í íþróttahúsinu að íhuga. Eins og það er gott að börnin séu áhugasöm um margar íþróttagreinar getur það valdið vandræðum að láta börnin bíða eftirlitslaust milli íþróttaæfinga í íþróttahúsinu. Þar er ekki aðstaða til að sinna þeim og mjög misjafnt hvernig þau fara eftir húsreglum. **Af vettvangi** hreppsnefndar er það helst að fréttu að nú stendur til að ganga til samstarfs við Hveragerði og Ólfusi um að stækka núverandi félagsþjónustusvæði okkar. Það er mjög spennandi verkefni og ánægjulegt að þessi sveitarfélög líta einmitt á Uppsveitarmódelið í samstarfi milli sveitarfélaga sem mikla fyrirmynd í þessu efni. **Petta er málaflokkur** sem er mjög vaxandi og með tilflutningi á málefnum fatlaðra þá hafa verkefnið aukist og þörf að hafa öflugt verkfæri til að sinna þessum verkefnum. Þá er verið að vinna í því að koma þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru á árinu á rekspól, bæði í gatnagerð og viðhaldi. Byrjað er á „göngunum“ undir Bræðratunguveg og búið að semja við verktaka að sjá um veltengingar fyrir okkur og Vega-gerðina þar sem Bræðratunguvegur kyssir Flúðir. Þá er verið að athuga að leggja bundið slitlag á alla Sneiðina í leiðinni en það verður að segjast eins og er að það er verðugt verkefni að reyna að útrýma malarvegum á Flúðum. **Þá hefur einnig** verið gengið til samninga við Grænna land á Flúðum að sjá um garða- og sláttþjónustu á Flúðum næstu tvö árin. Það er mjög mikilvægt að bæði sveitarfélagið, einstaklingar og fyrirtæki séu mjög meðvitund um að ef við ætlumst til að Hrunamannahreppur verði miðpunktur ferðamennsku í Uppsveitum að snyrtimennska og aðlaðandi umhverfi sé framúrskarandi. Mun ég seint hætta að hamra á þessu og vona ég að allir leggi sitt að mörkum þannig að við getum verið stolt af umhverfi okkar. Sveitarfélagið og stofnanir þess verða að sjálfsögðu að ganga fram með góðu fordæmi. Í þessu sambandi er líka athyglisvert að benda á að það er búið að stofna nefnd til að fara að vinna að uppbyggingu á Ungmennafélagsgarðinum og svæðinu í kringum hann, sem er vannýtt perla í nánasta umhverfi okkar. eru miklar vonir bundnar við að í framtíðinni verði þetta svæði eitt af aðdráttarafli sveitarfélagsins.

Vetrarkveðjur

Jón G. Valgeirsson

Hrossaræktarfélag Hrunamanna

Vegna frestunar á hjónaballi höfum við ákveðið að breyta auglýstum tíma-
setningum á viðburðum HRFH og verða sem hér segir.

Folaldasýning verður 18.mars kl:20:00

Fyrirkomulagið verður þannig að hvert ræktunarbú getur komið með
2.fölöld 1.af hvoru kyni.

Skráningargjald á folald er 1500.kr Aðgangseyrir 1000.kr Pantanir verða
að hafa borist fyrir 15.mars

Rútuferð: föstudaginn 8.apríl kl: 17:00

Aðalfundur félagsins verður sunnudaginn 10.apríl kl:20:00

Ræktunarsýning verður svo á föstudeginum 15.apríl kl:20:00

Hvert bú setur upp sína sýningu og fær 5.mín inn á vellinum. Síðasti skrán-
ingardagur er 8.apríl Þáttökugjald er 10.000 kr.

Allir atburðirnir verða í Reiðhöllinni á Flúðum.
Fyrir rútuferðina er mæting á planinu við Grund.

Upplýsingar gefa stjórnarmenn

Grímur sími: 896 6683 / 486 6683

Berglind - 848 5811 / 588 1123

Magnús - 690 5969



HRAUNTEIGUR EHF
FLÍSALAGNIR

Birgir Örn Birgisson, múrarameistari gsm: 891-7760

Netfang: hraunteigur@hraunteigur.is

Skeiða- og Grúpverjahreppi

Tökum að okkur alhliða múrverk, véslípun og flísalagnir.

Tilboð og/eða tímavinna, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi



Flúðaleið ehf

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur



Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

SUMARVINNA

Óskum eftir starfsfólki í sumarvinnu við almenn
afgreiðslustörf.

Helst ekki yngri en 17 ára.

Æskilegt að umsækjandi sé
reyklaus og reglusamur.

Upplýsingar í síma 486 6633,

agnes@samkaupstrax.is og á staðnum.

Velkomin í verslun okkar á Flúðum

Verð og úrval sem kemur á óvart

Afhliða byggingavöruverzlun með áherslu á gæðavörur, góða þjónustu og lágt verð fyrir alla.

Opið virka daga kl. 9 - 18 • Laugardaga kl. 10 - 14

Bilavörur

- Smurufur
- Frostlögur
- Hreinlætisvörur
- Perur
- Övuggi og þurrkublið



Þjónavörur

- Lópl, marglr lltlr
- Þjónar, ymsar stærðir
- Þeysur, marglr lltlr
- Húfur
- Vettlingar



Fyrir hestamanninn • Beisli • Múlar • Skeifur • Burstar • Klóru

Ahöld og tæki

- Ryksugur
- Jarðvegsþjöppur
- Flísa- og steinsagur
- Rafstöðvar
- Gott úrval áhalda f. fagmenn



Málningardeild

- Inni- og útmálning
- Lökk
- Spertl
- Viðarvörn
- Málningaráhöld



Gólfefnadeild

- Flísar
- Náttúrusteinn
- Parket / Plastparket
- Flísa- og parketlim
- Undirlag



Múrdeild

- Utan- og utanhúse
- Múrboitar
- Byggingarvinklar
- Þansteypa og teinalim
- Undirlag



Hreinlætistækideild

- Hreinlætistæki
- Blöndunartæki
- Sturtuklefar
- Innréttlingar
- Handlaugar



Festingavörur

- Skráfur og boltar
- Múrboitar
- Byggingarvinklar
- Þansteypa & teinalim
- Undirlag



Heimilisvörur

- Straujárn
- Matvinnsluvélur
- Glös og bollar
- Handdryksugur
- Hrærivelar



MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Smíðjustíg 6a • 845 Flúðum
Sími 496 1866 • vondull@simnet.is

Föt sem framlag
Móttaka á fatnaði er hafin á Gámasvæðinu á Flúðum.
Upplýsingar: Tómas Þórir í síma 899 3092

Starfsmaður frá Arion banka á Selfossi er til viðtals á Skrifstofu Hruna-
mannahrepps annan þriðjudag í hverjum mánuði
(næst 12. apríl. 2011)

Par með eitt barn bráðvantar húsnæði á Flúðum eða nágrenni.
Flest kemur til greina
Upplýsingar í s: 662 0661 og 662 1661
Email: sif.siggi@gmail.com

Starfsfólk vantar í veitingasal í Árnosi fyrir sumarið.
Áhugasamir vinsamlegast sendi inn umsókn á netfang matstofunnar;
matstofanarnes@simnet.is



Hár-Hrun

Klippi í Félagshemili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Hrunaspjall

Fregnir fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli Ólafsvalla, Hrepphóla, Hruna og Stóra-Núps sóknum.

Nú er hjónaballa og þorablótstíminn brátt að baki en við tekur tímabil aðalfunda fjölmargra félaga. Meðal annars eru aðalsafnaðarfundir oft um þetta leyti. Mikilvægt er að sem flestir mæti á þessa fundi og láti í ljós skoðanir sínar á málefnum sinnar sóknar. Þrengt hefur verulega að fjárhag sókna með því að ríkisvaldið hefur einhliða ákveðið að lækka sóknargjöldin sem er tekjustofn þeirra. Þetta eru félagsgjöld þeirra sem tilheyra tiltekinni sókn og þannig er fyrirkomulagið núna að þegar einstaklingur segir sig úr trúfélagi, t.d. þjóðkirkjunni þá tapar sóknin hans félagsgjaldi sem í staðinn rennur í ríkissjóð. Sagt er að hefðu forsendur verið óbreyttar þá væri sóknargjaldið nú um níu hundruð krónur á mánuði en er hins vegar á þessu ári rúmar fimmhundruð. Enda er staðan sú í mörgum fámönnum sóknum að naumast eru til fjármunir til að standa undir föstum kostnaði við kirkjurnar, rafmagni, hita og tryggingum. Það var fyrir rúmum tuttugu árum að hið opinbera bauðst til að taka að sér að innheimta sóknargjöldin en áður var það verkefni sóknarnefndanna sjálfra eða þær sömdu við sveitarfélögin að sinna því. Meginatriðið er því, að þetta er frjálst félagsgjald en á ekki að teljast hluti af skattheimtu hins opinbera.

Helgihaldið framundan

Barnastarfið í Hrepphólum á laugardagsmorgnum kl.11. Fremur dauft hefur verið yfir þessu starfi en alltaf einhverjir mætt. Síðasta skiptið verður þann 19. mars.

20. mars Messa Hrepphólum kl.11

Messa Stóra- Núpi kl.14

27. mars fjölskyldumessa Ólafsvöllum. Þetta verður síðasta fjölskyldumessan á þessum vetri en þá hefur verið ein slík í hverri kirkju og allar verið vel sóttar.

Fræðslufundur um sorg og sorgarviðbrögð

Mánudaginn 14. mars kl.20 verður boðið til fræðslufundar um sorg og sorgarviðbrögð. Fundurinn verður haldinn í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum. **Séra Halldór Reynisson** mun flytja erindi og leiða umræður en hann hefur aflað sér þekkingar á þessu sviði. Fundurinn er öllum opin.

Megi Drottinn veita huggun og styrk.

Kær kveðja, Eiríkur Jóhannsson.



Óskum eftir að leigja húsnæði á Flúðum, Reykholti eða Laugarvatni frá og með ágúst 2011. Við erum hjón með 2 börn, eins og þriggja ára. Erum reglusöm og reyklus. Sími 843-0276 (Stefán), 843-0575 (Ingibjörg) eða senda tölvupóst á stefan.sverrisson@gmail.com

Norskt par (með hund) óskar eftir að taka á leigu húsnæði á góðu verði á Flúðum eða nágrenni frá mars til nóvember 2011
Ingrid og Cato Bergnord sími +47 99223779 contact@icelandriverjet.is
(Eru með siglingar á Hvítá www.icelandriverjet.is)

Árnes

Vegna bókana á veitingum ásamt leigu á sal í Árnesi vinsamlegast hafið samband við Gauta (8635269) eða Írisi (7705195). Einnig er hægt að senda fyrirspurn á: matstofanarnes@simnet.is



Vetrarmót Smára

Annað vetrarmót Smára verður haldið laugardaginn 19. mars kl.14.00

Keppt verður í eftirtöldum flokkum:

Pollaflokkur, Barnaflokkur, Unglingaflokkur, Ungmennaflokkur
Fullorðinsflokkur 1. flokkur, Fullorðinsflokkur 2. flokkur,
Unghrossaflokkur

Skráning á staðnum. Skráning hefst kl. 12.45 og lýkur kl. 13.45.

Skráningargjald er 500 kr. á hest, frítt er fyrir polla og barnaflokk.

Pollaflokkurinn verður inni í Reiðhöllinni en aðrir flokkar á vellinum.

Veitingasala verður í Reiðhöllinni.

Mínum á næsta vetrarmót: 16. apríl.

Nánari upplýsingar verða á www.smari.is og í fréttablöðum sveitanna.

Með von um góða þátttöku.

Mótsstjórn



FLÚÐA-TAXI

Uppsveita Árnessýslu

Jóh. Unnar Guðmundsson



Sími 893 1462

8 farpega bíll



Fjallaraf

sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Rafræðingur Lögglitur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

Aðalfundur

Aðalfundur björgunarfélags Eyvindar verður sunnudagskvöldið 27.mars kl 20:00 í húsi félagsins. Venjuleg aðalfundar störf. Elvar Logi Gunnarsson gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu sem ritari og varaformaður. Aðrir gefa áfram kost á sér.

Gamlir og nýir félagar hvattir til að mæta.

Stjórnin

FÉLAGSÞJÓNUSTA UPPSVEITA ÁR- NESSÝSLU OG FLÓA

**óskar eftir starfsfólki í hlutastarf til starfa við félagslega
heimaþjónustu.**

Einnig er auglýst eftir afleysingafólki v/sumarleyfa.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- ^a Almenn þrif
 - ^a Aðstoð við persónulega umhirðu
 - ^a Veita félagslegan stuðning og hvatningu
- Vera vakandi yfir andlegri og líkamlegri líðan þjónustuþega

Helstu hæfniskröfur:

- Hæfni í mannlegum samskiptum
 - Frumkvæði og skipulagshæfni
 - Hæfni til að starfa sjálfstætt
- Skilyrði að umsækjandi hafi reynslu af almennum heimilis-
störfum

**Þarf að hafa bíl til umráða.
Umsóknarfrestur er til 30.mars 2011-**

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Símonardóttir í síma
480-5300
eða sendið fyrirspurn í tölvupósti á sigrun@laugaras.is
eða felagsmalastjori@laugaras.is





Josera.

Í kjölfar samninga okkar við einn stærsta vítamín og steinefnaframleiðanda Þýskalands **Josera** langar okkur að kynna fyrir þér þá vörulínu sem við höfum uppá að bjóða frá þeim.

Vönduð vara á mjög samkeppnishæfu verði

Saltsteinar

Josera.

Steinefnafötur



Saltsteinn Natur
Saltsteinn

10 kg.

Verð m/vsk.
kr. 889,-



Saltsteinn Plus
Saltsteinn með viðbættu magnesíum, seleni og jöði

10 kg.

Verð m/vsk.
kr. 1.122,-



Steinefnablokk Uniblock
Steikiblokk með kalsíum, magnesíum, jöði, seleni og vítamínun

10 kg.

Verð m/vsk.
kr. 1.993,-

Steinefnafata Mineraleimer



Ahlíða steinefnafata fyrir kýr og hross
EKKI fyrir sauðfé

Verð m/vsk.
kr. 4.838,-

Steinefnafata Phosphoreimer



Steinefnafata með háu fosfór og seleninnihaldi
Fyrir nautgripi, sérstaklega fyrir geldkýr.
EKKI fyrir sauðfé

Verð m/vsk.
kr. 5.643,-

Steinefnafata Universal-schale



Ahlíða steinefnafata fyrir sauðfé.

15 kg.

Verð m/vsk.
kr. 3.164,-

Bætiefni fyrir kýr

Josera.



Complett - Keragen
Complett - Keragen er viðbótar steinefna- og vítamínfóður sem inniheldur meira en kjarnfóður af A og D3 vítamínun ásamt ýmsum snefilefnum.
Complett - Keragen hefur góð áhrif á jógurheilbrigði og klaufir. Ráðlagður dagskammtur 80-100 gr. á dag. Hentar vel í heilfóður sem og fyrir einstaklingsfóðrun.

Verð m/vsk.
kr. 6.000,-



Prophos - Keragen

Prophos - Keragen er fóður sem er æskilegt að gefa kúm tveimur til þremur vikum fyrir burð.
Prophos - Keragen dregur úr hættu á kalkskorti og hátt innihald af magnesíum Mg. og D3 vítamíni kemur í veg fyrir kalsíum skort í upphafi mjaltaskelðs.
Ráðlagður dagsskammtur 80 - 100 gr. á dag.

Verð m/vsk.
kr. 6.800,-

Undirburður

Josera.

Kálfaduft - skitumeðal



Desan - undirburður

Desan er náttúrulegur undirburður.

- Vinnur gegn óæskilegum bakteríum, sveppum og gerlamyndun.
- Til notkunar í bása, hálmbeð og steinbita.
- Þurrkar meðhöndluð sveði.
- Hefur góð náttúruleg áhrif vegna innhalds á náttúrulegum sýrum og olíum.
- Minnkar gasmyndun og dregur úr ammoníak lykt.
- Gefur góða lykt í gripahúsið.
- Æskileg notkun 50 - 100 gr. á m²
- Tilvalið til notkunar með sagi.

Verð m/vsk.
kr. 6.160,-



Supramil T - kálfaduft

Supramil T kálfaduft hefur góðan meltanleika og inniheldur sýrur sem vernda gegn skitu og meltingartruflunum

Vítakur - skituduft fyrir kálfa

Vítakur er náttúrulegt skituduft fyrir kálfa. Hentar bæði sem fyrirbyggjandi sem og fyrir kálfa sem fengið hafa skitu. Til blöndunar bæði í mjólk og eða vatn allt eftir ástandi kálfsins.



Verð m/vsk.
kr. 7.889,-

Verð m/vsk.
5 kg. kr. 8.638,-

Hikið ekki við að hafa samband við sölumann með frekari upplýsingar

480 5600
landstolpi.is



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla

Vörumóttaka Héðingsgata
1-3



VÖNDULL ehf
FLUTNINGADJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.



Brottför frá Reykjavík, Héðingsgötu 1-3 sími: 533

2211. Mánudaga til föstudaga kl. 12:00, Á Sel-

fossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrir-
tækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán

VIOLA snyrtistofa á Flúðum

Eftirfarandi meðferðir eru í boði

Andlitsbað Húðhreinsun

Litun og pökkun Handsnyrting

Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir

Tímapantanir í síma 566-8342

og 856-1599(Hlíf)

Aðal fundur Búnaðarfélagss Hrunamanna verður haldinn mánu-
dagi 21 mars 2011 kl 20.30 í Félagsheimili Hruna-
manna. Venjuleg aðal fundarstörf.

Kaffiveitingar í boði félagsins.

Stjórnin

Skrifstofa Hrunamannahrepps

Opnunartími hreppsskrifstofu

Mánudaga til föstudaga:

09:00-12:00 og 13:00-16:00

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Á gegnir.is (Mínar síður) geta lánþegar m.a. séð hvað þeir eru með í láni, hvenær skiladagur er og fleira. Lánþegar eru hvattir til að nýta sér þessa þjónustu.

Verið hjartanlega velkomin.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://www.fludir.is/bokasafn/>



Tek að mér gerð:

Jarðafarakransa

Krossa

Kistuskeytinga

Handskrifaðir borðar með krönsum og krossum sé þess óskað.

Allt skreytingarefni úr sveitinni

Sýnishorn eru á Facebook

síðunni

Grænna land ehf




Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Flúðum

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is



Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps

Aðalfundur 2011

Aðalfundur Kvenfélags Hrunamannahrepps verður haldinn þriðjudaginn 29. mars kl. 20.30 í Félagsheimili Hrunamanna.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Kosið um eftirfarandi;

- formann til þriggja ára

3 meðstjórnendur

Kosið er um meðstjórnendur ár hvert

Hvetjum konur til að mæta á aðalfundinn. Nýir félagar ávallt velkomnir.

Stjórn og meðstjórnendur.

Dúkaleiga Kvenfélagsins.

Leigjum út fallega, hvíta dúka. Leigjum dúkinn á kr. 500.- en gerum jafnframt tilboð ef um marga dúka er að ræða.

Umsjónarmaður dúkanna er Elín Gísladóttir. Hægt er að fá allar nánari upplýsingar hjá Elínu í síma 866-5855. Tilvalið fyrir ferminguna, brúðkaupið og/eða afmælið eða bara hvaða veislu sem er.

Námskeið í mars

19.-20. mars:

Saumanámskeið á vegum PREM. Sjá nánar í áður sendu dreifibréfi. Frábært námskeið! Nokkur pláss laus. Allar upplýsingar hjá Önnu í síma 486-6080.

26. mars:

Námskeið í skreytingum á tertum og brauðtertum. Tilvalið fyrir fermingarundirbúninginn!

Allar nánari upplýsingar um verð, tíma og staðsetningu hjá Hönnu Láru í síma 486-6715.

Námskeiðanefnd Kvenfélags Hrunamannahrepps.



Nokkrar "Bolludagsmyndir"
.Ljós: SigSigm

